

Fagráð í hrossarækt

112. fundur

Staður og stund: fjarfundur á teams, miðvikudagurinn 20. september 2023. Kl. 15.30

Mættir: Nanna Jónsdóttir, formaður, Kristbjörg Eyvindsdóttir, Elsa Albertsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Mette Mannseth, Birna Tryggvadóttir Thorlacius, Sveinn Ragnarsson og Erlendur Árnason,

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Sýningarárið 2023
3. Skoðanakönnun varðandi ‚Endurskoðun á umgjörð kynbótasýninga‘
4. Fagráðsþing
5. Önnur mál

1. Fundarsetning.

Formaður fagráðs setti fundinn og bauð fólk velkomið.

2. Sýningarárið 2023

Elsa fór yfir fyrstu drög að tölfræði liðins sýningarárs. Í samanburði við önnur ár er fjöldi dæmdra hrossa og helstu meðaltöl sambærilegur. Mæting hrossa á vorsýningar er jafnan minni miðað við miðsumarssýningar í ár líkt og jafna er á árum þegar landsmót er ekki haldið.

3. Skoðanakönnun varðandi ‚Endurskoðun á umgjörð kynbótasýninga‘

Fjallað var um skipan hópa varðandi endurskoðun á umgjörð kynbótasýninga og niðurstaða fengin í málið og munu þeir verða kallaðir saman til að fjalla um málið á teams fundum. Þrjú hópar verða settir saman, samsetning þeirra verður eftir fyrirframákveðnu kerfi. Hópur nr. eitt verður samsettur af stjórn, varamönnum og fyrir um formönnum HBI/FHB, hópur nr. tvö verður samsettur af kynbótaknöpum og þriðji hópurinn verður skipaður hrossaræktendum. Áætlaður fundartími verður u.þ.b. 2 tímar. Nanna og Ágúst munu fara í SVÓT greiningu með hópunum og niðurstöður hennar kynntar fyrir hestamönnum.

Ráðgjafamiðstöð Landbúnaðarins (RML) er búin að setja saman skoðunarkönnun sem verður send á aðila sem nýtt hafa sér þjónustu RML vegna kynbótasýninga síðastliðin þrjú ár, til að geta greint hvort og þá hvernig hægt er að bæta þjónustuna.

4. Fagráðsþing

Áætlað að halda fagráðsþing samhliða Uppskeruhátíð hestamanna sem verður 18. nóvember.. Farið var yfir undirbúning og verkaskiptingu í tengslum við fagráðsþing, Elsu falið að vinna að drög að dagskrá.

5. Önnur mál

Næsti fundur fagráðs í hrossarékt er áætlaður þann 18. október n.k. kl. 15.30.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 18:30

Við pennann: Elsa Albertsdóttir